



Fjórði fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2015 - 2016 haldinn 04.03.2016 klukkan 08:15 – 09:15

Fundarstjóri og fundaritari: Valdimar Víðisson, skólastjóri.

Mættir:

Stjórnendur: Valdimar Víðisson, skólastjóri og Margrét Sverrisdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Margrét Sverrisdóttir boðaði forföll.

Fulltrúar foreldra: Ingvar Kristinn Guðnason og Snædís Ögn Flosadóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Birna Sigurkarlsdóttir og Sigríður Björg Bjarnadóttir.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins: Friðrik Á. Brekkan.

Fulltrúar nemenda: Embla Jónsdóttir og Sigurjóna Hauksdóttir.

1. Skóladagatal 2016 – 2017.
 - a. Skólaráð Öldutúnsskóla samþykkir skóladagatal 2016 – 2017 eins og það liggur fyrir. Starfsmenn hafa fengið tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
2. Flóttamenn.
 - a. Öldutúnsskóli tekur á móti börnum flóttamanna núna í apríl, 7 börn.
 - b. Skólaráð leggur áherslu á að allir aðilar verða upplýstir; nemendur, foreldrar og starfsmenn.
3. Námsmat, A-D kvarðinn. Umræða.
 - a. Skólastjóri gerði grein fyrir stöðu mála.
 - b. Það verður fundur með nemendum í næstu viku um breytt fyrirkomulag námsmats.
 - c. Breytt fyrirkomulag námsmats verður kynnt fyrir foreldrum í síðustu vikunni fyrir páska.
4. Tölvumál.
 - a. Endurnýjum á borðtölvum stendur yfir.
 - b. Allir umsjónarkennarar fá spjaldtölvu á næstu dögum.
 - c. Áframhaldandi spjaldtölvuvæðing starfsmanna.
 - d. Spjaldtölvuvæðing nemenda er byrjuð í Hafnarfirði.
5. Kjallari í B-álmum.
 - a. Það þurfti að færa kennara úr B-álmum vegna myglu í einu rými. Að mati vinnueftirlitsins og Eflu, sem tók sýni, þá er allt í lagi fyrir nemendur að vera í B-álmum. Rýmið var tæmt og framkvæmdir eru byrjaðar.
6. Önnur mál.
 - a. Ekkert rætt undir þessum lið.

Fundi slitið klukkan 09:15
Valdimar Víðisson